

Hann er Guð.

Ó þjónn Guðs! Teheran er heimaland Ástvinarins samúðarfulla og aðsetur þess Ljóss í ríkjum hins staðlausa. Hönd himnesks valds hefur líka gróðursett þig í sama garði og nært þig með mildum andvara og heilnæmu vatni þess geislandi lands. Þess vegna er það von mín að líkt og þú hið ytra ert samlandi þess geislandi Ljóss getir þú einnig hið innra orðið íbúi í himnesku ríki þessa skínandi Ljósgefjafa.

Ef þér er meinaður aðgangur að almenningsböðunum, lof sé Guði, því í staðinn er þér sökkt í þá svölu uppsprettulind sem „drekka má af og laugast í“²⁷ og þú ert að sönnu langreyndur og sannur átrúandi á vegi Hinnar blessuðu fegurðar. Þér fylgi heill og árnaðaróskir.

Skýringar

27. Kóraninn 38:42. ↔